

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis, 1. áfanga, í landi Sunnuhlíðar.*

Í breytingunni felst að afmörkuð er 1500 m<sup>2</sup> lóð utan um sameiginlegt fráveituhreinsivirki, sem er staðsett vestan og neðan við íbúðarhúsaloðir sem standa á brúninni vestan Litlu-Laxár. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags óbreyttir.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. júlí 2008.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,  
**Pétur Ingi Haraldsson.**